



Viðauki við almenna viðskiptaskilmála Auðhumlu svf. varðandi lífrænt vottaða mjólk.

Auðhumla kaupir til vinnslu og endursölu lífræna mjólk. Auðhumla kaupir lífræna mjólk frá félagsmanni Auðhumlu, sem hefur fengið vottun um lífræna framleiðsluaðferð frá vottunarstofu með faggildingunni, auk þess að hafa gilt starfsleyfi frá Matvælastofnun til lífrænnar framleiðslu, sbr. 4. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Greitt verður álag fyrir lífræna mjólk innan greiðslumarks til viðbótar afurðastöðvaverði að því marki sem Auðhumla hefur markað fyrir lífræna mjólk.

Félagið gerir í upphafi hvers greiðslumarksárs áætlun um markað fyrir lífræna mjólk, með svipuðum hætti og gert er varðandi almenna greiðslumarksmjólk á innanlandsmarkað.

Félagið skuldbindur sig gagnvart framleiðendum til að greiða þeim álag á afurðastöðvaverð samkvæmt gjaldskrá Auðhumlu fyrir innlagða lífræna mjólk.

Álagsgreiðslur verða í hlutfalli við greiðslumark þeirra að því marki sem markaður er fyrir slíka mjólk. Fyrir aðra lífræna mjólk innan greiðslumarks er greitt afurðastöðvaverð og fyrir umfram mjólk frá framleiðendum lífrænnar mjólkur verður greitt almennt umfram mjólkurverð.

Auðhumla getur tilkynnt aukningu á eftirspurn lífrænnar mjólkur innan verðlagsársins ef aukning verður í sölu lífrænnar mjólkur á greiðslumarksárinu. Verði eftirspurn innanlands fyrir lífræna mjólk umfram áætlun ársins verður greidd í árslok uppbót sem því nemur.

Ef framleiðsla lífrænnar mjólkur er umfram eftirspurn á markaði mun Auðhumla ekki greiða álag til nýrra framleiðenda fyrr en félagið hefur markaðslegar forsendur til þess.

Framleiðendur sem hyggjast skipta úr venjulegri framleiðslu í lífræna framleiðslu skulu tilkynna Auðhumlu um slíkt skriflega í ábyrðgarbréfi með að minnsta kosti tuttugu og sex mánaða fyrirvara.